

## Stjórnarfundur mánudaginn 16. febrúar 2015 kl. 16.00 Sörlaskjólí 32.

**Viðstaddir:** Jóhanna Björk, Hulda Sif og Sigurbjörg Gylfa.

### Dagskrá:

#### 1. Frönskukeppni framhaldsskólanna:

Rætt um að brýna frönskukennara til að hvetja til þátttöku í sínum skólum. Einnig var rætt um samsetningu dómnefndar fyrir keppnina. Íris í Sendiráðinu ætlaði að athuga með sendiherrann, hr. O'Quin, og upp kom sú hugmynd að athuga með Eyjólf Má og Auði Övu. Ákveðið var að minna á frönskukeppnina á Aðalfundi.

#### 2. Vinnufundur og Aðalfundur 27. febrúar.

Ákveðið var að vinnufundurinn færi fram í Kvennó og stæði í u.þ.b. 2 og ½ klst (frá 14.30-17.15). Dagskrá fundarins: Eyjólfur mun kynna niðurstöður á mati A2-prófsins okkar (u.þ.b. 1 klst) og seinni klst. yrði helguð kynningu og vinnu við „Journal d'élève“ (verkefni á vegum CEO). Eftir það yrði Aðalfundurinn í Alliance frá kl. 17.30. Jóhanna tók að sér að senda út nýtt fundarboð á báða fundina með nánari upplýsingum um tímasetningar og staðsetningar.

#### 3. Námskeið norrænna frönskukennara í Helsinki 26. – 29. mars.

Jóhanna tilkynnti að félagið hafi fengið styrk frá KÍ fyrir ferðinni að upphæð 140.000 kr. (á móti kemur styrkur frá Nordplus sem sótt var um sameiginlega af Félagi norrænna frönskukennara) og að búið sé að panta flug fyrir tvo stjórnarmeðlimi, Jóhönnu Björk og Sigurbjörgu Gylfa. Ákveðið var að kynna þyrfti þennan fund betur fyrir félagsmönnum á Aðalfundi.

### Önnur mál:

Umræður um veitingar fyrir fundina tvo fóru fram. Ákveðið var að bíða með ákvarðanir varðandi þær þar til gjaldkeri hefði lokið vinnu við að fara yfir ársreikninga og gæti gefið upp nákvæma fjárhagsstöðu félagsins.

Fundi var slitið klukkan 17.00.